



K 5608952089 / safngeymsla@simnet.is / www.folkart.is / www.safnasafnid.is / www.facebook.com/Safnasafnid / S 4614066

SAFNASAFNIÐ

606 A, Svalbarðseyri

ALÞINGI ÍSLENDINGA

við Austurvöll

Stefán Vagn Stefánsson

formaður ljárlaganefndar

Stjórn Safnasafnsins leitar aftur til ljárlaganefndar um framlag til að styrkja starfsemi sína og efna til nýrrar sóknar, íslenskrí alþýðulísta til framdráttar, nú á meginlandi Evrópu þar sem ótal tækifæri biða

Eins og kemur fram í umsókninni hefur gengið brösuglega að útvega safninu fé til rekstrar og enginn bakhjarl sýnilegur. Eins ótrúlega og það kann að virðast þá hafa helstu hindranirnar verið 3 safnstjórar Listasafns Íslands: Ólafur Kvaran, Halldór Björn Runólfsson og Harpa Þórsdóttir, en með andstöðu sinni komu þau í veg fyrir að safnið fengi stöðu ábyrgðarsafns og gæti starfað á sama grundvelli og önnur viðurkennd listasöfn í landinu. Er leitun að slíku hatri á svo mikilvægri listgrein í öðrum lýðræðisríkjum Þegar auðséð var að Listasafn Íslands ætlaði ekki að safna alþýðulísta þjóðarinnar var Safnasafnið stofnað 1995. Afneitum LÍ kom skýrast fram í útgáfu á 5 binda ritverki 2011 undir villandi heiti: Íslensk listasaga Inn í hana vantar um 1.000 ár, þar á meðal listaverkin í Þjóðminjasafni Íslands, sem kynnir um þessar mundir fágæta dýrgrip, refsilaum liðinna alda, og glæsilega bók með rannsókn dr. Elsu E. Guðjónsson Dr. Hörður Ágústsson sýndi fram á það með uppdráttum og tilgátu í bók sinni, *Dómsdagur og helgir menn á Hólum*, 1989, að útskorin og lituð dómsmynd mynd hefði verið á vesturvegg nýrrar kirkju á staðnum (en ekki í Flatatungu) og studdist við rannsókn dr. Kristjáns Eldjárns Þjóðminjavarðar, 1953, og ritgerð dr. Selmu Jónsdóttur listfræðings, *Býzönsk dómsdagsmynd í Flatatungu*, kom út árið 1959. Dómsdagsmyndin var um það bil 2,2 metrar á hæð, 9 á breidd, alls 20 fermetrar (13 ljalir eru eftir). Því miður virðist dr. Selma ekki hafa gert sér grein fyrir því að um hreina og tæra alþýðulísta var að ræða! Hið sama gildir um ritgerð hennar, *Lýsingar í Sjónahandriti*, sem kom út á bók 1971. Má vera að það hafi lítað skoðanir hennar á alþýðulísta 20. aldar, verið niðurnjörvaðar í þá fúránlegu listblindu sem hefur rótað sig í safninu í 73 ár og þar af leiðandi ætíð farið í bága við gildandi lög hvert sinn, nú myndlistarlög Nánari upplýsingar um þessi atriði og fleiri eru veittar í samhangandi skjölum

08.10.2023

Með þökk fyrir athyglina, í von um jákvæðar undirtektir

Niels Hafstein



SAFNASAFNIÐ

606 Akureyri, Svalbarðsströnd

K: 56089-52089 / safngeymsla@simnet.is / www.folkart.is / www.safnasafnid.is / www.facebook.com/Safnasafnid / S: 4614066

ALPINGI ÍSLENDINGA

Erindi:

Orðspor erlendis/ný sókn

Sótt er um 9.000.000 kr. styrk 2024 til að kynna Alþýðulist Íslands á meginlandi Evrópu, afla tengsla og viðhalda árangri í samstarfi við önnur listasöfn. Safnasjóður veitir aðeins 300.000 kr. styrki í slík verkefni en leggur því meiri áherslu á símenntun og samstarf innanlands. Myndlistarmiðstöðin styrkir ekki svo veigamikil verkefni sem um ræðir

Heiðruðu alþingismenn

Sjórn Safnasafnsins þakkar ljárlaganefnd Alþingi fyrir að veita því 9.000.000 kr. 2023 í markaðsátak og gestamóttöku, það skilaði sér mjög vel og lagði grunn að frekari sókn heima og erlendis á næstu árum ¹⁾

Þjóðmenningararfur

Það hefur verið ævintýri líkast að byggja upp orðspor Safnasafnsins: þegar það hóf vegferð sína 1995 litu fáir við alþýðulist, hún var að veslast upp því Listasafn Íslands aðhafðist ekkert, höfundarnir voru litnir hornauga sem skrytnir og geðveikir og áttu fátt gott skilið. Nú er staðan gjörbreytt og trosnaður þráður listasögurnar frá því öndvegissúlurnar rak á land hefur verið spunninn á ný og titrar af sköpunargleði í ljölbreytileikanum í Safnasafninu, og vekur mikla og verðskuldaða athygli á sýningum heima og erlendis

Erlend samskipti

Fyrir nokkrum árum gerðist Safnasafnið aðili að European Outsider Art Association og tekur nú fullan þátt í starfsemi þess. Það kom skemmtilega á óvart hvað félagsmenn ytra vissu mikið um það og höfðu auglýsinga fylgst með því af áhuga um langt skeið, ekki síst Finnar sem eru umsvifamiklir á þessu sviði Ljóst er af viðbrögðunum að safnið er afar hátt metið og litið til þess um leiðandi afsl ásamt elsta safninu, Collection d'Art Brut í Lausanne í Sviss. Frábær viðurkenning. Í framhaldinu hafa stofnanir í Evrópu leitað eftir samstarfi við safnið um sýningarhald, það tók þátt í 2ja ára ferð um Norðurlönd þar sem það kynnti verk úr eign sinni, í október verður það heiðursgestur á tvíæringi í Hollandi og sendir mörg verk á sýningu í Noregi 2024. Englendingar kalla eftir samvinnu og verður lagt í þá vegferð ef nægt ljármagn fæst til. Þá er nauðsynlegt að vinna úr öðrum merkjum boðum sem berast en þeim ljólgar með ári hverju

Frumkvæði

Safnið er 23 árum á undan þeirri bylgju sem reis í Bandaríkjunum og kristallaðist í Feneyjartvíæringnum 2022 með slagkrafti sem á sér engin fordæmi frá því Pop-listin haslaði sér völl á sama stað 1964. Það er ekki fjarri hugmyndafræði tvíæringssins með áherslu á tjáningu kvenna og handverk í alls kyns búningi Færa má rök fyrir því að safnið hafi tekið forystu á því sviði á alþjóðavísu vegna þess að á fyrstu sýningu þess 1998 var textíl stillt upp sem jafningja við hliðina á framsækinni nútímalist. Þetta var yfirlýsing um breytingar og áherslur. Konur sem eiga ekki innangengt í önnur listasöfn eru í hávegum hafðar í safninu og verk þeirra njóta sömu virðingar og karla því jafnrétti kynjanna er ætíð markmiðssett í starfsemi þess

Hlutverk og viðtökur

Það hlýtur að ylja þingmönnum um hjartaræturnar að áhugi á íslenskri myndlist sé ekki bara bundinn við frægð fárra manna erlendis heldur grasrótina líka, ljölbreytilega starfsemi sem teygir sig um allt land og vekur vonir ungra sem aldinna um betri skilning á framlagi þeirra í þágu íslenskrar þjóðmenningar Safnasafnið er ekki héraðssafn heldur þjónar landinu í heild og stefnir nú markvisst inn á Evrópumarkað

Rekstrartekjur safnsins eru um 5.000.000 kr. á ári og því þarf það að leita eftir styrkjum til að ná fram metnaðarfullum áætlunum sínum. Styrkbeiðnir safnsins til fjárlaganefndar eru af þeim toga Bent er á samhangandi fylgiskjöl með fjárhagsáætlunum og útskýrt hvar hnífurinn stendur í kúnni

Í von um jákvæðar undirtektir, með þakklæti og kveðju frá sjórn safnsins
Niels Hafstein

1)

Safnið réð 2 konur til að sinna þessum störfum, aðra til að kanna hjá ferðaskrifstofum í Evrópu hvort þær gætu sent farþega í heimsókn, þær skipuleggja fram í tímann og er því árangurs að vænta næsta ár. Í starfinu tókst að fá fleiri hópferðir frá Englandi og heimsóknir úr skemmtiferðaskipunum á Akureyri, sem voru hinar fyrstu sem safnið hefur fengið. Hin konan var ráðin til að hanna nýja vefsíðu, sinna átakinu á Eyjaljarðarsvæðinu og taka á móti gestum

ÁBYRGÐARSAFN

Ólöglegt samráð/samtrygging?

Safnasafnið hefur verið hornreka í kerfinu frá stofnun 1995, það er undarlegt ef haft er í huga að það tók við keflinu af Þjóðminjasafni Íslands þegar það dró úr söfnun alþýðulistarverka um miðja síðustu öld en þá hvarf notagildið (t.d. útskornir kistlar). Það er í viðkvæmri stöðu sem viðurkennt safn, rekstrartekjur þess eru langt undir viðmiðunarmörkum og lítið svigrúm án ljársterks bakhjarls. Söfn í eigu sveitarfélaga og þau sem hafa samninga við ráðuneytin fá milljóna króna styrki til að greiða rekstrar- og launakostnað Safnasafnið hefur aldrei getað ráðið starfsmann í 100% starf, stofnendur (f. 1947 og 1950) hafa neyðst til þess að sinna krefjandi rekstri án launa í 28 ár og annað stjórnarfolk lagt þeim lið eftir atvikum. Það er því ljóst að hið opinbera þarf að bregðast við og tryggja safninu ljárhagsgrundvöll til framtíðar, til dæmis með samningi um ábyrgðarsafn sem safnið sækist fast eftir. Árið 2014 fékk það formlegt erindi frá Illuga Gunnarssyni menningarmálaráðherra sem hvatti það til að ræða við Listasafn Íslands skv. safnalögum Það ferli var stöðvað af safnaráði án lagastöðar. Kristján Þór Júlíusson menningarmálaráðherra skrifaði því og bað um að farið yrði að lögum, en það bréf var hunsað og gripið til ólöglegs samráðs skyldra aðila

Ef spurt er afhverju safnið hafi ekki fengið strax þá stöðu sem það verðskuldar, þá er svarið þetta: Forstöðumenn Listasafns Íslands, 3 listsagnfræðingar, hafa frá því árið 2014 staðið gegn því að Safnasafnið fái stöðu ábyrgðarsafns samkvæmt safnalögum, Halldór Björn Runólfsson gagnaði á því en Ólafur Kvaran og Harpa Þórsdóttir mynduðu ólöglegt samráð með öðrum höfuðsöfnum og safnaráði í því skyni, þau brutu ítrekað stjórnarsýslulög til að fresta gildistöku ákvæða safnalaga

Hegðun þessa fólks er ráðgáta og stangast á við IV. Kafla, 14. grein Laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og vekur upp þá spurningu hvort enginn hafi efurlit með framfylgni þeirra?

Viðbragð

Alþýðulist Íslands sýpur seyðið af þessu háttalagi, listfræðingarnir áttu að safna henni en gerðu það ekki. Áratuga langt gap myndaðist sem útilokað er að fylla í, og er ábyrgðinni sjálfvarpað á Listasafn Íslands. Safnasafnið tók hlutverkið að sér og bjargaði þeim frá því að verða sér til skammar hjá *Alþjóðaráði safna* Ef Safnasafnið fær ekki stöðu ábyrgðarsafns, eða fastan samning með öðrum hætti sér til framfærslu, þá mun það óska eftir því að Umboðsmaður Alþingis rannsaki framgöngu ofangreindra aðila ofan í kjólinn. Næsta skref verður þá að leggja fram háar skaðabótakröfur og kröfu um miskabætur fyrir skeytingarleysi gagnvart persónu bréfrítara sem hefur annast þetta mál fyrir safnið í tæpan áratug ²⁾

Ef Halldór Björn Runólfsson, Ólafur Kvaran og Harpa Þórsdóttir hefðu farið að lögum væri safnið vel stutt og þyrfti ekki leita á náðir fjárlaganefndar Alþingis. Með lögbrotum sínum hafa þau haft af því um 180.000.000 kr. Þetta ráðslag er fyrir neðan allar hellur og hæfir hvorki í síðuðu samfélagi né því trausti sem felst í skipan þeirra í opinberar valdastöður, og undarlegt að ráðuneytið skuli aldrei grípa í taumana

Tekið skal fram að Ingibjörg Jóhannsdóttir safnstjóri Listasafns Íslands er að kanna þetta mál samkvæmt ákvæðum safnalaga, en auðvitað ber öllum aðilum þess að hlýta þeim skilyrðislaust, annað er óboðlegt

Það er alkunna að Safnasafnið er fegursta og frumlegasta listasafnið á Íslandi og á skilið að því sé sýnd virðing fyrir að bjarga ómetanlegum menningarverðmætum frá glötum. Stofnendum ber að þakka opinberlega fyrir að fórna tíma og fé í 28 ár í því skyni, en það er því miður allt á annan veg og stöðugt vegið að heiðri þeirra, hugsjón, eldhug og frumkvöðlastarfi við mjög erfiðar aðstæður Að óbreyttu hafa þeir ákveðið að hætta rekstri safnsins í 2025 og snúa sér að persónulegri málum, sem þýðir í raun að Safnasafninu verði lokað og 30 ára ferli stefnt í voða. Nema eignin verði flutt í manneskjulegra umhverfi þar sem þyngjandi misgerðir vofa ekki yfir því, t.d. til Bandaríkjanna en þar er þróaður og þroskaður áhugi á grasrótarstarfi og hugsjónum sem þarf að næra og styrkja Um er að ræða ca. 150.000 listaverk, frumgerðir, skissur og frágengin verk. Höfundarnir eru 432

²⁾ Fram eftir öldum sendu Íslendingar Danakonungi langar bænarskrár þar sem illri meðferð og áþján var lýst í smáu sem stóru í von um réttláta málsmeðferð, nú hafa slíkar lýsingar ratað inn í sjónvarp og hafa áhrif til úrlausnar

Bréfritari getur ekki lengur haldið hlífiskildi yfir fólki sem hefur ásótt safnið um áratugaskeið, þótt það komi kannski á óvart að nefna það í erindi til Alþingis. Barátta hans fyrir réttlæti í þágu Safnasafnsins hófst 2007 þegar safnalögin tóku gildi, en þá var sú stefna mótuð af Ólafi Kvaran, þá varaformanni safnaráðs, að gera safninu allt til miska og var henni framfylgt af hörku uns hann lét loksins af embætti 2021, þá formaður ráðsins. Ólafur beitti sér fyrir því að safnaráð hafnaði umsókn safnsins um viðurkenningu en var gerður afturreka af Illuga Gunnarssyni ráðherra. Þá tók Ólafur til þess bragðs að falska fundargerð um málið og dró síðan úr styrkveitingum uns þær voru komnar niður í 0. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir ár eftir ár hefur safnaráð aldrei gefið skýringar og fer það í bága við upplýsingalög Rannsóknir sýna að hvers konar áföll hafa mjög slæmar afleiðingar fyrir heilsu manna, langvarandi ofbeldi ÖK, og síðar Hörpu Þórsdóttur í LÍ, olli bréfrítara margs konar líkamlegum þjáningum, en hitt er þó sýnu verra að bífa við stöðuga þöggun og höfnun sem er til þess gerð að niðurlægja og svívirða heiðarlegt fólk - er það syköpatísk hegðun? Andlegur og líkamlegur sársauki verður ekki metinn til ljár, en opinberir starfsmenn í háum embættum eiga ekki að komast upp með það að niðast á öðrum án harðra refsinga, þeir skulu fá að gjalda fyrir þjáningarnar sem þeir valda

Um Safnasafnið

Safnið á um 150.000 verk eftir 432 myndlistarmenn og ótalinn fjöldi annarra gripa í sérdeildum, með samlegðaráhrifum er það eitt umsvifamesta alþýðulistarsafn jarðar, og er þá átt við safneign, rannsóknir, útgáfur, skráningu, fræðslu, miðlun, húsakost. Það gefur út 3 sýnisbækur safneignar 2023, er yfirleitt með 2 rannsóknir í gangi í einu og setur upp 12 nýjar sýningar árlega

Safnið startaði í vor rannsókn á alþýðulist tímabilsins 1901-1960 með tengingar til dagsins í dag, fyrir utan ítarlegar greiningar 3) og heimildasöfnun er tekið fyrir sérstakt atriði í myndtjáningu fólks, en hún felst í því að það skreytir sig á ýmsan máta, t.d. með aðfengnum hlutum og titlum:

01 Skapar aðstæður til að flýja fráhrindandi rauveruleika, valdefla sig eða skera sig úr í tilteknum ljölda 02 Próar með sér sérstakan stíl til að ögra og gera uppreisn gegn þvingunarhefðum og harðsnúnu atferli

03 Hegðar sér með frábrugðnum hætti vegna einhverfu, þráhyggjutakta, mistaka eða ofbeldis í uppeldi 04 Verður fyrir erfiðum hughvörfum sem breyta persónuleikanum, lifir oft til háls í ímynduðum heimi 05 Nýtir hluti sem annars fara forgörðum, prófar sig áfram af forvitni til að sjá hvað hentar hverju sinni 06 Fellur fyrir tíðaranda eða einhvers konar tísku, til dæmis gothic og pönki sem mynda ljöldahreyfingu 07 Vekur á sér athygli í neyð, hrópar á hjálp með myndlíkingum, jafnvel með hneykslanlegum hætti

08 Lýtur sterkum vilja innan hóps sem kalla sig vini en leggur viðkomandi í einelti eða heldur í klemmu

09 Klæðir sig í búninga í hugmyndafræðilegri heildarmynd gjörninga

10 Fær greitt fyrir framkomu eða þátttöku í sýningum kaldríljaðs fólks, málað, húðflúrað, brennimerkt 11 Hefur djúpstæða tilfinningalega þörf fyrir að ganga í fatnaði af öðru kyni (drag)

12 Malar og teiknar skreytt fólk sem er kannski nokkurs konar yfirfærsla sjálfsins eða er staðgengill þess?

13 Hefur þörf fyrir að breyta til en skortir kjark til að vera öðruvísi en þau sem hafa fundið gleði sína 4) 14 Gengst undir munsturhefð samfélagsins (húðútskurð, andlitsmálun, beina-, perlu- og ljaðraskreyti 5) 3)

Útdráttur úr viðamikilli greininagarvinnu sem hefur staðið yfir undanfarin 10 ár og er þáttur í rannsóknum safnsins 4) Spurning hvort safnið ætti ekki að efna til sérstaks dags og kalla eftir þessu fólk í heimsókn í faglega myndatöku, reiknað er með einlægum vilja þess til að koma fram og samþykkja birtingu ljósmyndanna í fyrsta bindi útgáfunnar 5) Þessi þáttur á varla við í íslensku samfélagi nema sem tattú, en getur verið ákjósanlegt að vísa til þess í fyrsta bindinu

Hægt er að panta skjalið í heild á safngeymsla@simnet.is (m.a. tilgátur og rannsóknarspurningar)

Rekstrartekjur árið 2023

4.510.000

0.900.000 Svalbarðsstrandarhreppur (hækkar árlega um 10% til áramóta 2025/26 þegar samningur rennur út)

3.090.000 Inngangseyrir (lausatraffik og hópferðir)

0.520.000 Leiga fyrir íbúð (ekki er unnt að fjölga gistinóttum eins og er vegna vöntunar á starfsmönnum)

Reiknað er með því að rekstrartekjur hækki um 12% árið 2024 vegna tíðari heimsókna fyrir tilstilli ferðaskrifstofa, þær eru samt aðeins brot af því sem önnur viðurkennd listasöfn fá af skattfé almennings og við það verður ekki unað

Safnið fær yfirleitt ágæta styrki til að greiða fyrir brýn verkefni en engar rekstrartekjur umfram þær sem eru nefndar hér að ofan. En með launalausri vinnu stofnenda í 120% vinnu í 350 daga ársins hefur tekist að halda rekstrinum á floti hingað til en þeim kafla íslenskrar listasögu lýkur innan tíðar - óumflýjanlega?

Orðspor erlendis/ný sókn

Fjárhagsáætlun

Tekjur

9.000.000 Framlag á fjárlögum Alþingis, skv. umsókn

Gjöld

9.000.000

0.350.000 Umsýsla á skrifstofu (þarfagreining, fjárhagsáætlun, umsókn og skilagrein, millifærslur og bókhald)

7.100.000 Laun starfsmanns í ca. 9 mánuði 6)

0.200.000 KPMG útreikningar á launum og launatengdum gjöldum

0.300.000 Ferðakostnaður (eigin bifreið, flug innanlands sem utan, lestir)

0.200.000 Gisti- og fæðiskostnaður (heima og erlendis)

0.700.000 Kynningarefni (hönnun, umbrot, prentun, upptökur af sýningum í safninu)

0.150.000 Tæknimál (upptökur með dróna úti til að sýna umhverfið og skúlptúrana, klipping, samsetningar) 6)

Hugmynda- og aðferðafræði, samantekt kynningarefnis, textaskrif og ljósmyndun fyrir myndrænar framsetningar á því, skipulagning heimsókna í utanferðum, fundir þar, kynningar á starfsemi safnsins ytra, meðal annars í tímaritum og á völdum vefsíðum, fréttu- og samfélagsmiðlum. Skýrslugerð, árangursmat, eftirfylgni, ný nálgun og stefnumótun



Áætlun um fjárhag, rekstur og verkefni 2024 [Ath. rekstrartekjur eru merktar í bláum lit](#) (í vinnslu)

Forsendur/væntingar

Fjárhagsáætlun er í vinnslu frá hausti til hausts, óvissuþættirnir eru of margir og ekki hægt að fastsetja tekjur af íbúð, inngangseyri og umsóknum. Til að veða upp á móti verðbólgu árið 2023 verður að hækka inngangseyrinn úr 1.500 kr. í 1.700 kr. jafnaðargjald og 700 kr. fyrir fatlaða Reiknað er með fleiri gestum í lausatraffík en gera þarf ráðstafanir til að fjölga heimsóknum í júní með markaðssetningu á Eyjaljardarsvæðinu og nágrenni þess

Haft verður samband við Hey Iceland og Best of Iceland um heimsóknir, en hópar frá þeim eru vel viðráðanlegir, um 20 manns í hverjum. Þá verður reynt að fá fleira fólk úr skipunum hjá Atlantik og semja við Iceland Travel um hóp úr hverju skipi auk fjölgunar á hópferðafólki frá Englandi. Þetta kemur í ljós á síðari vinnslustigum áætlunarinnar

Stjórnarfolk leggur til mikla vinnu án launa sem tryggir safninu grundvöll til ársloka 2025, þá hætta stofnendur rekstri þess. Lögð er rík áherslu á að ná sem fyrst samningi við menningarmálaráðherra um stöðu ábyrgðarsafns

Tekjur

22.400.300

Fært frá 2022

03.850.300

02.450.300 Styrkveitingar Komu seint á árinu 2023 eða eru til verkefna sem ekki var hægt að ljúka við af ýmsum ástæðum

01.400.000 Gígusjóður Sýnisbók safneignar XI. Gísla G. Thoroddsen (upphaflega minningarstyrkur frá systur GGT, d. 2021)

Óvissar tekjur

04.650.000

03.000.000 Aðgangseyrir A Áætlun: Maí: 500.000 / Júní: 600.000 / Júlí: 900.000 / Ágúst: 800.000 / September: 200.000

00.750.000 Aðgangseyrir B Atlantik: 250.000 / Iceland Travel: 300.000 / þessi liður gæti hækkað eitthvað með fleiri hópferðum

00.080.000 Bóksala Sýnisbækur safneignar (gæti hækkað begar nýjar bækur fara í sölu vorið 2024)

00.520.000 Lista- og fræðimannsíbúð Leigð ferðafólki í júlí og ágúst (til endurnýjunar búnaðar og markaðssetningar)

00.300.000 Arnar Herbertsson Sala á brykkjum af 47 grafíkplötum, eir og zink (upphæðin gæti hækkað eitthvað)

Umsóknir

13.900.000

09.000.000 Fjárlaganefnd Alþingis Orðspor erlendis/Ný sókn

00.800.000 Myndlistarsjóður Íslands, vorúthlutun Sýningar: textar í sérprent og sýningarskrá, hönnun og prentun

00.800.000 Safnasjóður Skráning í Sarp, aðstöðugjald, laun, endurnýjun tölvubúnaðar, aðkeypt tæknivinna

00.900.000 Safnasjóður Sýningar: Greiðum listamönnum, ferðir og flutningar á verkum þeirra, sýningarstjórn

00.800.000 Safnasjóður Rannsókn og undirbúningur fyrir útgáfu bókar um íslenska alþýðulist á 30 ára afmæli safnsins 2025

00.300.000 Símenntunarstyrkur 1 Ferð á þing European Outsider Art Association 2024

00.300.000 Símenntunarstyrkur 2 Fræðsluferð sjálfboðaliða til Amsterdam að skoða varðveislurými og meðferð safngripa

01.000.000 Svalbarðsstrandarhreppur Upphæðin hækkar um 10% árlega til áramóta 2025-2026)

Gjöld

22.400.300

ORÐSPOR ERLENDIS/NÝ SÓKN

09.600.000

09.000.000 Starfsmaður nr. 1 Laun og launatengd gjöld (sjá fjárhagsáætlun um verkefnið: Orðspor erlendis/Ný sókn)

00.600.000 Starfsmaður nr. 2 Kynningarmál heima og erlendis. Verktakalaun

REKSTUR

04.750.000

00.500.000 Iðnaðarmenn Smíði á palli og skábrautum, málun innanhúss, raflagnir

00.480.000 KPMG Bókhald fyrir árið 2022 (200.000 kr.), ársreikningur (220.000 kr.)

00.200.000 KPMG Útreiknuð launatengd gjöld starfsmanns nr. 1

00.300.000 Norðurorka Sala á heitu vatni

00.100.000 Orkusalan Dreifing á rafmagn

00.100.000 Rarík Sala á rafmagn

00.370.000 Securitas Innbrots- og eldvarnakerfi (leiga á búnaði, endurnýjun slökkvitækja, vöktun, árleg úttekt og skýrslugerð)
00.500.000 Skrifstofa Rekstrarvörur, framköllun, gistigjald, bækur, ársgjald EOA, ljósrítunarlát, eftirlitsgjöld, lyftuskoðun, vsk.
00.300.000 Pallur Efnis- og flutningskostnaður
00.150.000 Vefsíða Ársgjald 1984, grunnvinna, öryggisafrit
00.200.000 Veitingar Fæðiskostnaður listafólks sem setur upp sýningar í safninu, opnunarkostnaður laugardaginn 11. maí 2024
00.200.000 Viðburðir Tónleikar, búningadagur, námskeið og fyrirlestrar (veitingar, aðkeypt vinna)
00.400.000 VÍS Tryggingargjöld almennt
00.100.000 Teyja Kortþjónusta
00.100.000 Umhverfi Sláttuvélarbensín, inni- og útiræktun, aðkeypt umhirða (flytja tré til með vélskóflu). Verktakalaun
00.350.000 Þinghúsið Hlutdeild safnsins vegna notkunar á 1. hæð + sími, hiti, rafmagn, kalt vatn, þvottavél, fráveita, sorphirða
00.400.000 Þrif á gólfum Aðkeypt þjónusta. Verktakalaun

SÍMENNTUN

00.600.000

00.300.000 Símenntunarstyrkur 1 Fræðsluferð sjálfboðaliða til Amsterdam að skoða varðveislurými og meðferð safngripa
00.300.000 Símenntunarstyrkur 2 Ferð á þing European Outsider Art Association 2024

SKRÁNING

00.800.000

00.200.000 Sjálfboðaliði Bensínkort fyrir ferðir á milli safns og heimilis í Eyjaljarðarsveit
00.150.000 Sarpur Ársgjald
00.300.000 Tölvumál Endurnýjun búnaðar, tæknilausnir. Verktakalaun
00.150.000 Yfirfærsla skráningar Úr GoogleWorkSpace yfir í Sarp (1104 verk sem voru færð inn í forritið árið 2021-2022)

SÝNINGAR

02.250.000

00.150.000 Auglýsingar Dagskrá, Íslensk myndlist, Markaðsstofa Norðurlands, Ríkisútvarpið (samlesnar auglýsingar)
00.200.000 Hönnun Sýningarskrá og auglýsingar í Dagskrá og samfélagsmiðla. Verktakalaun
00.350.000 Greiðum listamönnum Samkvæmt samningi Myndstefs og viðurkenndra listasafna. Verktakalaun
00.300.000 Sýningarstjórn Þrískiptur salur (boðslistakonur). Verktakalaun
00.500.000 Listaverkakaup Samkvæmt ákvæði í safnalögum (óráðstafað fé)
00.340.000 Litróf hf. Prentun sýningarskrár
00.140.000 Myndstef Birting myndefnis í Sarpi, á vefsíðu safnsins, í sýningarskrá, útgáfum og kynningum (fastur samningur)
00.070.000 Þrófarkarlestur Sérprent og sýningarskrá. Verktakalaun
00.300.000 Sýningar Flutningar og akstur boðslistamanna
00.100.000 Þýðingar Sérprent og sýningarskrá (samnýtt efni). Verktakalaun

ÚTGÁFUR

03.900.000

01.400.000 Sýnisbók safneignar XI, Gígja Guðfinna Thoroddsen (lokaupphæð úr minningarsjóði um listakonuna)
02.200.000 Karl Kjerulf Einrsson *Dunganon, Hertogi af St. Kilda, Leyndatíróir Hekluglóða*
00.300.000 Arnar Herbertsson Þrykkt af 47 eir- og zinkplötum, 3-5 eintök af hverri, A1 stærð, hágæðapappír). Verktakalaun

YFIRFÆRT

00.500.300

00.500.300 Öryggisbók Reikningar fyrstu mánuði ársins 2025



SAFNASAFNIÐ

601 Akureyri, Svalbarðsströnd

Kt. 5608952089 / safngeymsla@simnet.is / www.folkart.is / www.safnasafnid.is / www.facebook.com/Safnasafnid / S: 4614066

STARFSLÝSINGAR

Skrá yfir störf sem þarf að ráða í til þess að Safnasafnið geti unnið samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og vaxandi kröfum. Það hlýtur þó að vera umhugsunarefni að það skuli vera komið í hóp 3ja bestu alþýðulistarsafna í Evrópu og Bandaríkjanna án þess að greiða stofnendum og 1 sjálfbóðaliða laun Stofnendur hafa augsýnilega unnið afreksverk fyrir þjóð sína en enginn opinber embættismaður hefur enn haft hugmyndaflug til að skilja fórnina, hvað þá að borga fyrir hugsjónastarf og árangur Í viðurkenndum listasöfnum á Íslandi eru 9 starfsmenn að meðaltali, sem undirstrikar mismuninn og neðangreint lýsir því hvað stofnendur hafa á sinni könnu eða allt að 80% af nefndum verkefnum! 01

Safnstjóri

(Ólaunað starf eins og er)

Hugmyndavinnu, skipulagsskrá, framfylgni markmiða, stefnumótun og þróun í samstarfi við safnstjórn Hönnun, söfnunarstefna og sýningarstefna, leiðsögn á sérsviðum og ráðgjöf um alla þætti starfseminnar Dagleg stjórn

Áætlanir um verkefni og teymisvinna, skipulagning verkferla og dagleg umsýsla, samskipti við sérfræðinga Tengsl

Tengsl við menningarmálaráðuneytið, safnaráð, sveitarfélagið, skóla og ýmsar aðrar opinberar stofnanir Önnur umsýsla

Lög og reglugerðir, yfirlýsingar, samþykktir, bréfabækur, dagbók, framvinduskýrslur, samskipti við setur, safnvísa, og safnara alþýðulistar samkvæmt ákvæðum í lögum. Umsjón með ánægjuvög starfsfólks

Safnkostur

Listaverkakaup á sýningum og víðar í samræmi við söfnunarstefnu, val á verkum og gripum í samstarfi við sýningarstjóra og forvörð, hið sama gildir um einstakar gjafir eða verkheildir, litlar og umfangsmiklar 02

Skrifstofustjóri

Fjármál

Umsjón með bókhaldi og endurskoðun, bankaviðskiptum, launareikningum og millifærslum, ljárhagsáætlunum, verk- og tímaáætlunum, umsóknum í innlenda og erlenda sjóði, tryggingarmálum, þjónustusamningum, inngangseyri, sölu í verslun, uppgjöri í posa og sjóðsvel, og fleiri þáttum er kúta að ljársýslu

Starfsmannahald

Dagleg stjórn safnsins í fjarveru safnstjóra, þjálfun afleysingafólks til að sinna almennum verkefnum en stefnt er að því að allir starfsmenn safnsins starfi í gestamóttökunni part úr degi í hverri viku til þess að finna taktinn á gólfinu og veiti leiðsagnir á sérsviði sínu, einnig umsjón með fundum og fundargerðum

Markaðsmál

Samstarf við ferðaskrifstofur og markaðsstofur, öflun viðskiptavina með auglýsingum á @, gsm og samfélagsmiðlum, umsjón með auglýsingum í netheimi og bæklingum í samstarfi við vefstjóra

(í tillögu frá fyrri árum er gert ráð fyrir því að safnið skipuleggi ferðir til að laða að menningarsinnaða farþega skemmtiferðaskipanna, yrði farið í merktu rútu með leiðsögn með sérútbúnum veitingum)

Gamla-Búð

Umsjón með útleigu lista- og fræðimannsíbúðar, fyrirspurnum, tilboðum, bókunum og samningum

Skjalavarsla

Gömul og ný almenn skjöl á pappír eða í stafrænu formu, samstarf við rannsóknar- og sýningarstjóra og aðra sérfræðinga varðveislun á heimildum, lifandi upptökum, uppdráttum og líkókum og hönnun sýninga 03

Umsjónarmaður

Fasteignir

Umsjón með byggingum, gördum og bílastæðum, borða- og stólageymslu, verkstæðum, nýsmíði, viðhaldi, málnu sala, viðgerðum, lagerbirgðum, málningarvörum og förgun. Tillögur um úttektir og áætlanir um verkefni, kostnaðargreiningar, upplýsinga- og tilbodsöflun, samanburður, ljárhagsáætlun og innkaup

Öryggismál

Sjónræði eldvarna- og innbrotsvarnakerfis, slökkvitækiog eldteppi, neyðarlýsing, neyðaráætlanir, leiðbeiningar og viðbragðsþjálfun starfsfólks, flóttaleiðir gesta, ljörgun verðmæta ef eitthvað alvarlegt gerist

Aðkoma

Aðgengi úti, álag og þolmörk, greining og úrbætur, kastarar, kaplar, úttinglar og rofar, bílastæði, P, sérmerki fyrir rútur og fatlaða, út- og innpílur, upplýsingaskilti í samráði við safnstjóra

Sýningartækni

Uppsetning sýninga samkvæmt hönnun og verkáætlunum, aðstoð við listamenn sem setja sjálfir upp verk sín, niðurtekt sýninga, þökkun og merkingar í samráði við forvörð, umsjón með gleri, smíðahúsi, vélum og verkfærum, innrömmun samkvæmt áætlun forvarðar, einnig sérsníði á borðum, stöplum og skápum

Umhverfi

Snjómokstur, spúla palla og glugga, hreinsa og bera olíu á palla og handrið, garðsláttur, hirðing, vinna í blómabeðum og gördum, trjáklippingar, hreinsun lækjar og garða, flutningur efnis til förgunar í gámum

Útlistarverk
Pakka útverkum (þurrum) inn á haustin og verja þau fyrir bleytu og frosti, og stífa þau af ef þörf krefur, taka utan af þeim á vorin, hreinsa þau og mála ef þau hafa orðið fyrir einhverju hnjaski

Ræsting

Umsjón með almennum þrifum í safninu, skrifstofum og sölu, þvotti í gestaherbergjum og íbúð, þrifavagni, þvottavél og þurrkara, hreinlætisvörum, pappír, þurrkum, handklæðum, áhöldum, úrgangs- og eiturefnum. Ávallt er unnið samkvæmt vottorðum og stöðlum um náttúruvæn og endurnýtanleg efni

Söluvara

Minjagripagerð skv. áætlum safnstjóra og fleiri sérfræðinga, t.d. í samstarfi við listamenn um þróun á vörulínu sem tekur mið af alþýðlegri minjagripagerð og byggir á menningararfi Íslendinga, minjagripir þessir verða seldir til styrktar rekstri og verkefnum (ekki er áætlað að taka við verkum o.fl. í umboðssölu)

04

Gestgjafi/sölustjóri

Móttaka

Skipulag á móttöku gesta, vaktatöflur annarra starfsmanna sem vinna part úr degi vikulega í móttökunni

Leiðsögn

Samstarf við sérfræðinga safnsins um daglegar leiðsagnir, upplýsingar í anddyri er varða allar sýningar

Veitingar

Umsjón með eldhúsi, birgðahaldi, innkaupum, samningum um veislur og móttökur, einnig veitingum fyrir nætur- og dvalargesti, meðal annars í lista- og fræðimannsíbúð ef sérstakar aðstæður myndast þar

Safnverslun

Framsetning á söluvöru og verðmerking, umsjón með sölu á verkum boðslistamanna, skráning á nöfnum kaupenda, símanúmerum og netföngum (höfundar selja svo verkin sjálfir eftir að sýningum þeirra lýkur)

Safngestakannanir

Könnun á viðhorfum gesta til aðkomu, sýninga, bókasafns, blómaræktar, umhverfis og útsýnis, úrvinnsla svara og frágangur til kynningar í stjórn og meðal starfsfólks, einnig á öðrum vettvangi ef svo ber undir

05

Forvörður

Forvarsla

Mat og viðgerðir, tillögur um meðferð fyrir varðveislu, s.s. þökkun, frágang og staðsetningu samkvæmt geymsluskrá í varðveislusölum, uppsetning listaverka samkvæmt áætlun, tillögur um verkefni og kostnað vegna fyrirbyggjandi og styrkjandi forvörslu. Mæling á hita og raka og útljólubláum geislum einu sinni á ári er uppsetningu á sýningum ársins lýkur. Gæðastjórn sem lýtur að sólarvarnartjöldum í sýningarsölum og fleiri hlutum bygginganna þar sem aðgæslu er þörf til að verk eða nytjahlutir upplitist ekki. Skoðun á filmum í gluggum þar sem ekki er hægt að hafa tjöld og skipta um ef nauðsyn krefur

Varðveislusalir

Umsjón með öllum varðveittum safngripum, að þeir séu aðgengilegir og umbúðir merktar í geymsluskrá, þrif á gólfi, hirslum, vögnum, borðum, hillum og móttökurými verka í samstarfi við umsjónarmann

Sýningar

Tillögugerð um meðhöndlun safnverka og annarra verka og gripa á sýningum safnsins, niðurtekt og frágangur safnverka samkvæmt geymsluskrá í varðveislurýmum að undangenginni ástandsskoðun

06

Skrásetjari

Safnvarsla

Umsjón með upplýsingaöflun, mælingum á listaverkum fyrir skráningu og innfærslur í Sarp, gjafabréf, *Hringferil myndlistar, 15 þátta greiningarkerti*, aðfangaskrá, forskráning á verkum látinna alþýðulistarmanna í eigu erfingja og einkasafnara, ef áhugi er fyrir hendi og það hentar safninu

Lán á verkum

Lánsform og samningar (*Lán á safngripum og verkum skv. safnalögum*), millisafnalán, önnur innlend og erlend lán (farandsýningar einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki, listasöfn og sérsýningar), aðstoð við þökkun og frágang í samráði við forvörð, og umsjónarmann ef sníða þarf utan um verk til flutnings til útlanda

07

Ljósmyndari

Skrásetning

Umsjón með öllum myndatökum safnsins, tókur fyrir skráningu og allar útgáfur, varðveisla og frágangur

Annað

Ljósmynda myndlistarmenn að störfum þegar rannsóknarstjóri tekur viðtöl við þá um ævi, nám og störf

08

Vefstjóri

Vefsíða

Fréttir af starfi og verkefnum safnsins, breytingar og uppfærslur eftir þörfum, á Facebook, Instagram ofl.

Miðlun

Fjölmiðlar, viðtöl og fréttatilkynningar, kortalisti og boðskort, textaskrif í samstarfi við sýningar- og útgáfustjóra, dreifing á sýningarskrám til velunnara og bakhjarla, safna og sýningarhúsa heima og erlendis

Fræðsla
Samstarf við leik-, grunn- og framhaldsskóla, háskóla, félög og stofnanir misþroska, einhverfra og geðveikra, afskipt fólk, fanga og einfara, umsjón með leiðsögn á sýningum, fyrirlestrar og námskeið

Viðburðir

Umsjón með viðburðum sem ekki falla undir sýningar og almenna þjónustu, s.s. málþingum, tónleikum, tóðugjöldum, búningadögum og öðrum þeim viðburðum sem falla að stefnu safnsins nú og í framtíðinni 09

Sýningarstjóri

Sýningagerð

Tillögur í samráði við safnstjóra, hönnun sýninga og áætlun fyrir uppsetningu verka, mat og skýrslur, sýningaferill listaverka, skrá yfir allar sýningar, samningar við sýningarstjóra, listafólk og eigendur verka, textagerð og merkingar, ritun sérprenta listamanna, þýðingar og prófarkalestur, útprent og uppsetning

Erlend samskipti

Samskipti við The European Outsider Art Association, listhús, verkstæði, söfn, samstarf um útgáfu bóka, þátttaka á ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum, greinar um Alþýðulist Íslands (Raw Vision) sem setja hana í alþjóðlegt samhengi, samstarfsverkefni, skrá yfir tímarit, safnara, söfn, listhús og aðrar stofnanir

¹⁰ **Útgáfustjóri**

Útgáfur

Sýningarskrár, sýnisbækur safneignar og aðrar útgáfur, þýðingar, prófarkalestur, samningar við hönnuði og prentverk, dreifing á útgáfuverkum til áskrifenda, bakhjarla og velunnara, samskipti við bókaverslanir

Bókastofa/fagbókasafn

Fræðslubókasafn og fagbókasafn, öflun fagbóka, almennra bóka og tímarita samkvæmt ljárhagsáætlun, umsjón með söfnun heimilda og skrásetningu þeirra (aðfangaskrár undanfarinna ára), viðgerðir, tillögur um förgun eða gjafir, flokkun og röðun í hillur, umsjón með albúnum með ljósmyndum af sýningum og opnunum, framkvæmdum og matarboðum og frá öðrum tilefnum sem vert er að varðveita til síðari tíma

¹¹ **Rannsóknarstjóri**

Rannsóknir

Tillögugerð og rannsóknaráætlun, heimildaleit og flokkun til undirbúnings fyrir rannsóknir á Alþýðulist Íslands. Efnið verður lagt til grundvallar við ritun sögulegrar yfirlitsgreinar og útgáfu sýnisbóka safneignar og stærri ritraða, rannsókn á þróun mynda í gömlum handritum, tengslum þeirra við alþýðulist liðandi stundar og hvernig hún hefur haft áhrif á nútíma myndlist (sjá nánar um þetta í Þarfagreiningu)

Upplýsingaleit

Könnun á alþýðulist í félagsstarfi hjá nýbúum, í stofnunum öryrkja og aldraðra, einnig í fangelsum o.fl.

Samstarf við opinberar stofnanir

Krækja í gagnagrunna Landsbókasafns Íslands og Eddu um alþýðulist í gömlum handritum, rannsókn á ættbundnum hæfileikum til sköpunar (í Húnaþingi vestra eru alþýðulistarmenn til dæmis hlutfallslega fleiri en annars staðar), textar í sýnisbækur og stærri rit, atriðaorða-, nafna- og myndaskrár, og tilvísanir í heimildir, einnig formálar, eftirmálar, val á ljósmyndum, samskipti við höfundaréttarhafa o.fl.

